

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

Hrafnagilshverfi, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 20. október 2022 deiliskipulag fyrir Hrafnagilshverfi skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæði deiliskipulagsins afmarkast af þéttbýlismörkum Hrafnagilshverfis samkvæmt aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, að frátöldum afmörkuðum svæðum í landi Grísarár og í landi Kropps. Með deiliskipulaginu er mótuð heildstæð stefna um uppbyggingu og þróun Hrafnagilshverfis til lengri tíma litið. Innan skipulagssvæðisins eru íbúðarsvæði, atvinnusvæði, verslunar- og þjónustusvæði, svæði fyrir samfélagsþjónustu auk opinna svæða til almennra nota.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 28. október 2022.

Sigríður Kristjánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. nóvember 2022